

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Suðurlands.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er 1,7% af afurðastöðvarverði mjólkur og auk þess er:

- a. Gjald af hverri sæddri skýrslufærðri kú kr. 1.320.
 - b. Gjald af hverri sæddri óskýrslufærðri kú kr. 1.500.
- Gjaldið er óháð fjölda sæðinga.

2. gr.

Gjald fyrir ýmsa vinnu eða sérhæfðar einstaklingsleiðbeiningar. Fyrir vinnu við ómsjarmælingar lamba, áætlanagerð (rekstur, áburður og fôður), skurðamælingar og fleiri verkefni sem undir lögin falla er:

Gjald kr. 2.000,- á klst. fyrir virkan vinnutíma.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. júlí 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts.

Landbúnaðarráðherra hefur ákveðið að útflutningshlutfall dilkakjöts skuli vera 12% af dilkum sem slátrað er á tímabilinu 13. ágúst til og með 31. ágúst árið 2000. Engin útflutningsskylda er á kjöti af fullorðnu fé sem slátrað er á þessu tímabili.

Auglýsing þessi er sett í samræmi við reglugerð nr. 524/1998 og með heimild í 29. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júlí 2000.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.